

Nd. 103. Frumvarp til laga [100. mál]

um breyting á lögum nr. 48/1966 um Stofnlánadeild verslunarfyrirtækja (verslunarlána-
sjóð).

(Lagt fyrir Alþingi á 104. löggjafarþingi 1981.)

1. gr.

7. gr. laganna orðist svo:

Lánstími má eigi vera lengri en 25 ár. Lánin skulu endurgreidd með jöfnum afborgun-
um.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarpið er lagt fram að ósk bankaráðs Verslunarbanka Íslands h. f. samhliða frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 45/1972 um Stofnlánadeild samvinnufélaga. Stofnlánadeild verslunarfyrirtækja starfar sem sjálfstæð deild við bankann undir stjórn bankaráðs og er hlutverk hennar að styðja verslun landsmanna með hagkvæmum stofnlán-
um. Veitir stjórn deildarinnar slík lán til öflunar búnaðar og áhalda fyrir verslunarfyrirtæki, byggingar verslunar- og skrifstofuhúsnæðis og meiri háttar endurbóta á slíku húsnæði. Ennfremur getur stjórnin, ef sérstakar ástæður mæla með, heimilað að þessum aðilum sé veitt stofnlán til kaupa á verslunar- og skrifstofuhúsnæði.

Sjöunda grein laganna kveður á um að lánstími megi eigi vera lengri en 12 ár. Hámarkslánstími þessi var ákveðinn 1972 og var þá í samræmi við það sem þótti hagkvæmt og eðlilegt á þeim tíma. Miðað við þær breytingar sem orðið hafa almennt á lánskjörum á síðustu misserum með tilkomu fullrar verðtryggingar á lánum þykir eðlilegt að leggja til að lánstími sé lengdur, m. a. til þess að létta greiðslubyrði lántaka. Af ofangreindum ástæðum er lagt til að hámarkslánstími verði miðaður við 25 ár.